

Reykjavík 19. júní 2012

Niðurstaða athugunar á starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga

Framkvæmd var athugun á starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga með heimsókn og gagnaöflun þann 18. október 2011 með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í kjölfar athugunarinnar rituðu starfsmenn Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Voru drög að skýrslunni afhent sjóðnum þann 16. janúar 2012 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar þann 24. apríl 2012, var tekið tillit til þeirra athugasemda eftir því sem tilefni þótti til.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn sjóðsins að hún fæli óháðum endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna athugasemda og ábendinga sem vikið er að í skýrslunni. Greinargerð óháðs endurskoðanda skal send Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 19. júní 2012.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athugunin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum. Gagnsæisstefnu eftirlitsins má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Helstu athugasemdir sem Fjármálaeftirlitið gerði við starfsemi sjóðsins eru eftirfarandi:

Stjórn og starfsmenn

Gerð var athugasemd við að reglum um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar hafi ekki verið fylgt eftir og reglurnar ekki undirritaðar, sbr. 4. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997. Undirritaðar reglur hafa nú verið sendar Fjármálaeftirlitinu. Athugasemd var gerð við að starfsreglum stjórnar hafi ekki verið fylgt eftir og stjórn sjóðsins bent á að gæta ávallt að hæfisskilyrðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að sjóðurinn hafi ekki útvistað eignastýringu að öllu leyti en sjóðurinn hefur ekki í þjónustu sinni starfsmann sem er með próf í eignastýringu, sbr. 4. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997.

Endurskoðunarnefnd

Gerð var athugasemd við að endurskoðunarnefnd sjóðsins hafi ekki tekið til starfa en sjóðnum hafði borið að starfrækja nefndina frá 1. janúar 2009, sbr. 1. mgr. 108. gr. a laga nr. 3/2006. Úr þessu var bætt í febrúar sl. og hefur endurskoðunarnefnd tekið til starfa.

Fjárfestingar sjóðsins

Skýrslur um sundurliðun fjárfestinga til Fjármálaeftirlitsins

Gerðar voru athugasemdir við verklag við utanumhald fjárfestinga sjóðsins sem og útfyllingu skýrslna til Fjármálaeftirlitsins. Misræmi var m.a. á fjárhæðum fjárfestinga eftir bókhaldi og skýrsluskilum. Gerð var athugasemd við að sjóðurinn hafi ekki haft fullnægjandi upplýsingar um fjárfestingar sínar í verðbréfasjóðum til að unnt væri að flokka undirliggjandi eignir í verðbréfasjóðum samkvæmt 7. tl. 1. mgr. laga nr. 129/1997. Þá gerði Fjármálaeftirlitið m.a. athugasemd við flokkun sjóða samkvæmt 7. tl. og 8. tl. laga nr. 129/1997, en fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði eða fagfjárfestasjóði.

Óskráðar fjárfestingar

Alvarlegar athugasemdir voru gerðar við að sjóðurinn hafi ítrekað fjárfest í óskráðum verðbréfum þrátt fyrir að vera yfir takmörkum 3. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Eignarhlutfall í einstöku fyrirtæki

Alvarleg athugasemd var gerð við brot sjóðsins á ákvæðum 4. másl. 5. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 um 15% hámarkseignarhlut í einstöku félagi.

Ársreikningur

Gerðar voru athugasemdir við orðalag og ónákvæmni í framsetningu liða í ársreikningi sjóðsins vegna ársins 2010. Þá var gerð athugasemd við að lesendum ársreiknings væri ekki gerð nægjanlega skýrt grein fyrir uppgjöri á afleiðusamningum sjóðsins og óvissuþáttum þeim tengdum.

Áhættustýring og innra eftirlit

Gerð var athugasemd við að ekki væri til staðar áhættustýring hjá sjóðnum. Þá var skortur á skjalfestum verkferlum, verk lýsingum og lítið um innri reglur hjá sjóðnum. Gerð var athugasemd við að ekki væri ávallt farið eftir þeim verklagsreglum sem þó væru til staðar. Farið var fram á að sjóðurinn myndi hefja þá vinnu að móta innra eftirlit hjá sjóðnum og áhættustýringu.

Upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins

Gerð var alvarleg athugasemd við skil á gögnum frá sjóðnum til Fjármálaeftirlitsins, en gögn hafa borist eftir skilafresti.

Upplýsingagjöf til sjóðfélaga

Gerð var athugasemd við að lífeyrissjóðurinn sendi ekki sjóðfélögum sínum, samhliða greiðsluyfirliti, upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997.

Fjármálaeftirlitið mun í framhaldinu birta gagnsæistilkynningu á heimasíðu sinni eftir að fyrir liggur skýrsla um þær úrbætur sem lífeyrissjóðurinn hefur framkvæmt.